



PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í **sept.** Efni þarf að berast í síðasta lagi **1. sept 2020**



Frá Bókasafni Hrunamanna



Opið:
Mánudaga Kl. 19-20
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18



Bókasafnið býður gestum uppá afnot af tölvu, 30 mínútur á 150 kr.

Krakkar! Á bókasafninu má finna fjölbreytt efni fyrir sumarlesturinn ☺

Mínum á að alltaf er hægt að skila safngögnum í skilalúguna.


Bókasafn Hrunamanna


Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  facebook.



Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími:

4. ágúst-14. ágúst

Mánud-föstud: 13:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Ágúst 2020
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

30. árgangur.
351 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Nú er kominn ágúst og þetta skrýtna ár heldur áfram að vera skrýtið vegna veiruskrattans. Það er greinilega ekki sopið kálið þó í ausuna sé komið í þessu öllu saman og við þurfum að halda vöku okkar sem aldrei fyrr og aðlaga okkur að aðstæðum.

Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að okkur hefur borið gæfa til að taka skynsamlegar ákvarðanir á landsvísu um viðbrögð við veirunni og síðan hefur lífið þokast í venjulegri átt þrátt fyrir ákveðið bakslag núna. Maður hefur verið að hlera ferðaþjónustuaðila í sveitinni varðandi sumarið og það er, held ég, samhljóða álit að staðan sé betri en menn áttu von á. Íslendingar hafa verið duglegir að ferðast og síðan munar mikið um þá erlendu ferðamenn sem koma til landsins. Þó haustið og veturinn séu í óvissu er von til að þetta sleppi til ef hægt er að taka á móti hæfilegum fjölda erlendra ferðamanna á þessum tímabili.

Við erum einnig að fylgjast með og vakta tekjustreymi sveitarfélagsins og okkur sýnist frekar að staðan sé skárri en búast mátti við en ljóst er samt að höggið verður eitthvað og óvissa með næsta ár líka. Það verður því vandaverk að stilla saman tekjur og útgjöld og halda uppi sem öflugustu framkvæmdastigi en maður er samt bara þökkalega bjartsýnn á að það takist. Verslunarmannahelgin var með öðrum brag en venjulega og sú litla dagskrá sem fyrirhuguð var fór í hundana við hertar aðgerðir gegn Covid-19. Helgin varð því trúlega lík öðrum helgum í sumar sem við getum svo sem ekki kvartað yfir. Hins vegar verð ég að hrósa tjaldsvæðinu og öðrum aðilum sem urðu að aðlaga sig að þessum aðstæðum fyrir góð og skynsamleg viðbrögð og lögreglan og gæsluaðilar voru mjög ánægðir með hvernig allt fór fram.

Tveir staðir bættist við veitingaflóruna í sumar. Veitingastaðurinn Rauðhetta opnaði í rauða húsinu að Smiðjustíg 10 þar sem m.a. er hægt er að horfa á boltann og fá sér léttar veitingar og síðan fékk Fótboltagolfið á Markavelli tímabundið leyfi til veitingasölu í sumar. Þetta er ágæt viðbót við flóruna og óska ég þessum stöðum velfarnaðar á þessum vettvangi.

Á vettvangi sveitarstjórnar hefur að venju verið rólegt sumar en verkefni ársins í farvegi þrátt fyrir Covid vesenið. Venju samskvæmt þarf að fara að huga að skipulagi verkefna næsta árs og yfirfara fjárhagsáætlun þessa árs enn og aftur og undirbúa það næsta. Fasteignamat í Hrunamannahreppi fyrir árið 2021 hækkar að meðaltali um 3,6% sem er hófleg hækkun á milli ára en gott er að ekki séu of miklar sveiflur á milli ára.

Verkefni sumarsins mjakast síðan áfram. Verið er að vinna á fullu í frágangi á planinu við Félagsheimilið sem verður mikil andlitslyfting fyrir svæðið. Framkvæmdum við ráðhúsið er nær lokið og þær breytingar sem ráðist var í eru til mikilla bóta. Þá er gluggaskiptum lokið í Stjörnusal og bókasafni í Félagsheimilinu þó frágangi sé ólokið. Stefnt er líka að fara í þakviðgerðir á tengibyggingu í Félagsheimili og myndum við fagna hverju þaki sem hættir að leka. Þá hafa verið í gangi ýmis smærri viðgerðir og betrubætur í Flúðaskóla, Undralandi og öðrum byggingum sveitarfélagsins. Byrjað er á að leggja ljósleiðarann á Flúðum og fer það verkefni á fullt og ætti að klárast fyrir áramót. Þá hefur verið boruð hola fyrir Hitaveitu Flúða á Flúðum og lítur út fyrir að það ætti að finnast þar nægt heitt vatn til að koma í veg fyrir vandræði í vetur sem er fagnaðarefni.

Hins vegar er smá bakslag í þeirri vinnu að flytja sérgreinastofur Flúðaskóla af sínum stað í íþróttahúsinu og tækjasalinn niður í það rými þar sem erfitt reyndist að koma þeim fyrir á loftinu fyrir ofan tækjageymsluna vegna byggingarreglugerðar. Hins vegar er verið skoða nokkra möguleika í stöðunni í tengslum við þróun á húsnæði Flúðaskóla og íþróttahússins og kemur betur í ljós hvaða stefnu skal taka í þeim málum.

Hins vegar eru góðar fréttir varðandi framkvæmdir varðandi hringtorgið á Flúðum. Vegagerðin mun að óbreyttu bjóða verkið út í vetur þannig að hringtorgið verði að veruleika næsta sumar sem hluti af flýti framkvæmdum vegna viðbragða við Covid-19 og verkið er í hönnun núna. Samhliða þessum framkvæmdum myndum við reyna að klára götuna að sundlauginni og tengingar á milli Félagsheimilis og skóla o.fl. en sveitarfélagið ber ¼ af kostnaði við hringtorgið. Þá hafa einnig verið send þau skilaboð frá Vegagerðinni að ef flýtifjármagn fæst þá verði Langholtsvegurinn kláraður og líka lagt bundið slitlag upp að Hruna sem væri mikil blessun!!!

Það var síðan loksins lokið við friðlýsingarferlið upp í Kerlingarfjöllum þann 10. ágúst s.l. þar sem friðlýsingin var staðfest.

Það er mikið fagnaðarefni að þetta kláraðist á okkar forsendum og að hægt verði að sýna þessu svæði þann sóma sem það á inni og í framhaldinu stúdera þá uppbyggingu sem skynsamlegt er að fara í á svæðinu til að þarna verði myndarleg hálendismiðstöð.

Það tókst vel að halda 17. Júní hátíðarhöldin með breyttu sniði vegna Covid-19 og þakka ég nefndinni og þeim sem að stóðu fyrir sitt framlag. Það er síðan gaman að geta veitt viðurkenningar fyrir góða hluti og vil ég óska Þórdísi Jónu Kristjánsdóttur til hamingju með að vera valinn íþróttamaður Hrunamannahrepps 2019, þeim Jóa og Kristínu í Hvammi með umhverfisverðlaunin og Else og fólkinu í VISS í Heimalandi fyrir umhverfishrósið.

Það var ágætt framtak hjá ungmennaráði að koma með þá tillögu að halda heilsuviku í sveitarfélaginu 17.-22. ágúst nk, en því miður verður ekki af þessum viðburði þetta árið vegna Covid.

Við gerum bara betur á næsta ári og skreytum sveitina með heilsu og litum.

Að lokum vil ég minna fólk á að huga að umhverfi sínu, klippingum á trjám og gróðri í ljósi góðrar sprettu í sumar til að auðvelda aðgengi og stuðla að almennri snyrtimennsku á öllum sviðum.

Ég vil óska öllum góðra sumarloka og eigum gott heilsueflandi haust saman.

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00

og 13:00-16:00,

Föstudaga: 09:00-12:00



Hrunamannahreppur



Flokkunarhornið.

Munið að flokka lífrænan úrgang og setja í brúnu tunnuna í þar til gerðum niðurbrjótanlegum pokum.

(Ekki venjulegum plastpokum)



Heilsudekur.

Nú get ég loksins boðið upp á heilsudekur á Flúðum!

Ég býð upp á svæðanudd og regndropameðferð, sem er kjarnaolíunudd á háls, axlir, bak og fætur.

Hægt er að panta tíma símleiðis (861-8064), með einkaskilaboðum á Facebook eða með tölvupósti siggathorst@gmail.com.

Ég hlakka til að heyra frá ykkur ☺

Með bestu kveðju,

Sigríður Thorsteinson

Svæðanuddari & Kjarnaolíumeðferðaraðili



LANDSTÓLPI 20
ára
—2000—2020—

**Þú færð rekstrarvörur til heimilis og olíuvörur hjá okkur!
....og allt fyrir dýrin....stór og smá!**

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600 - Opið virka daga 8-17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610 - Opið virka daga 9-17



Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

S.S. FRÉTTIR

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands var haldinn að Goðalandi í Fljótshlíð 12. júní sl. Mjög í seinna lagi vegna,, pestarinnar,,. Kjörnir fulltrúar úr Hrunamannadeild voru: Jón Berghyl, Eiríkur á Grafarbakka, Esther á Sólheimum, auk Jóhönnu deildarstjóra. Ég vil benda fólki á heimasíðu Sláturfélagsins þar sem sjá má fréttir af fundinum ásamt ýmsum fróðleik. Kveðjur og þakkir fyrir viðskipti við félagið. Jóhanna Hrafnkelsstöðum.

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



*Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufraeðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is*

Dömu- og herraklipping, litun -og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

Vinsamlegast pantið tíma í síma

845-9816 Halyna.



KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxl

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it's available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -
facebook.com/NG ehf



Kæru félagar.

Áður auglýstum reiðtúr helgina 15-16 ágúst er

AFLÝST.

Nefndin

Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa samband við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355



Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Sumaropnun / Summer opening hours

Opið alla daga frá kl. 11-17:30.

Open everyday from 11am to 5:30pm



MELUM, FLÚÐUM
HRUNAMANNAHREPP



Melum, Flúðum Hrunamannahrepp

@litlamelabudin

www.facebook.com/litlamelabudin/

Baggamunur

Bókhalds- og skattapjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is



RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499



Við viljum bjóða ykkur velkomin á nýtt verkstæði okkar Smiðjustíg 2.
Við höfum bætt við okkur bílavörum og efnavörum frá N1 sem viðbót við
lausnir okkar.

- Hjólbarðapjónusta •Bílaviðgerðir
- Smurþjónusta •Hjólstillingar
- Bilanagreiningar •Ryðvarnir
- Dekkjasala

Tímapantanir og upplýsingar í síma 865-5678

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

fontana

Heilsúnd í lándrúmi

Velkomin í Vefverslun Friðheima



Núna getur þú greitt fyrir ferska grænmetið okkar með snertilausum viðskiptum og svo kikir þú til okkar í Friðheima daginn eftir og sækir!

Kíktu á vefverslunina okkar á www.fridheimar.is/vefverslun

Tómatar (ýmsar tegundir), gúrkar, basilíka í potti og salat. Einnig erum við með dásamlegu góðgætavörurnar okkar til sölu í vefversluninni sem og kryddblöndurnar. Má þar til dæmis nefna grillsósur, sultur, ábætissósur, gúrkusalsa og kryddblöndur á lambið, kjúklinginn, nautið, svinið og til að búa til gravlax.

Vefverslunin okkar er opin allan sólarhringinn

Verslunin í andyri Friðheima er opin alla daga frá kl. 9 – 16.

Veitingastaðurinn okkar er opin allan daga frá 12 - 16

Bestu kveðjur, Fjölskyldan Friðheimum

486 8894 - fridheimar@fridheimar.is - www.fridheimar.is/vefverslun



BÆJARHÁTÍÐ Í HRUNAMANNAHREPPI: **HEILSUVIKA 2020**

Vegna ástandsins í þjóðfélaginu af völdum CoVid19, hefur verið ákveðið að aflúsa Heilsuviku 2020.


Vonandi verður tækifæri til að halda hátíðina sumarið 2021.

Bestu kveðjur frá Ungmennaráði Hrunamannahrepps í samstarfi við Heilsuefndi samfélag, Ljúðheilsu- og æskulýðsnefnd og Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd Hrunamannahrepps.

Fornleifar á Búðarárþakka á Hrunamannafrétti.
Elsta sumarhús í Hrunamannahreppi:)



Borað eftir heitu vatni við Hellisholtalæk



Á dögnum voru leiðinda skemmdarverk framin á stöðvarhúsi og búnaði við vátstankinn á Högnastadaás



Opna Gæðingamótið 2020 var haldið í Torfdal á Flúðum dagana 23.-26, júlí síðastliðinn. Mótið er samstarfsverkefni hestamannafélaganna Loga, Trausta og Smára.

Mótið var hið veglegasta að þessu sinni en alls bárust 250 skráningar á mótið sem var alveg frábært.

Mótið var haldið í samstarfi við Dýralæknirinn á Flúðum og Gröfutækni, en einnig komu Límtré Vírnet og Lífland að því að styrkja mótið. Þessi fyrirtæki gerðu okkur kleift að gefa mjög veglega vinninga og var til að mynda 100.000 krónu gjafabréf í boði fyrir bæði sigurvegara í tölti T3 18 ára og eldri sem og fyrir 100 metra flugskeið. Við þökkum þeim kærlega fyrir frábæran stuðning og samstarf.

Svona stórt mót er ekki hægt að halda öðru vísi en að hafa sjálfbodaliða og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir þeirra störf. Reiðhöllin á Flúðum sá um veitingasöluna og gekk það gríðarlega vel. Við þökkum hollvinum Reiðhallarinnar og starfsmönnum kærlega fyrir samstarfið.

Mótið væri ekkert án knapanna og þökkum við þeim kærlega fyrir prúðmannlega reiðmennsku og stundvísi.

Bára Másdóttir var ljósmyndari mótsins og hægt er að finna svipmyndir af mótinu á Facebook síðu hestamannafélagsins Smára. Keppendum og hesteigendum stendur til boða að kaupa af henni myndir af hrossunum sínum gegn vægu gjaldi. Bestu þakkir Bára fyrir vel unnin störf.

Alendis tók mótið upp og streymdi því á köflum beint í gegnum internetið. Hesteigendur og knapar geta keypt upptökur af hestinum sínum hjá þeim. Bestu þakkir fyrir góða þjónustu.

Hestamannafélögin eru með sérverðlaun í hverjum flokki en hestamannafélögin Logi og Trausti munu veita sínum félagsmönnum verðlaunin á aðalfundum félaganna. Sérverðlaun Smára voru afhent á staðnum og verða tilkynnt með niðurstöðum hvers flokks hér að neðan.

Niðurstöður úr úrslitum mótsins.

A úrslit A flokk gæðingaflokk 1

Sirkus frá Garðshorni á Þelamörk var efsti gæðingurinn í eigu félagsmanns í hestamannafélaginu Smára í A flokki gæðingaflokki 1.

1 Bjarmi frá Litlu-Tungu 2 / Sæmundur Þorbjörn Sæmundsson 8,79

2 Vörður frá Vindási / Þórarinn Ragnarsson 8,68

3 Myrkvi frá Traðarlandi / Ríkharður Flemming Jensen 8,66

4 Sæla frá Hemlu II / Ragnar Eggert Ágústsson 8,45

5 Garún frá Eystra-Fróðholti / Hans Þór Hilmarsson 8,44

6 Sirkus frá Garðshorni á Þelamörk / Kristín Magnúsdóttir 8,38

7-8 Katalína frá Hafnarfirði / Sólon Morthens 0,00

7-8 Vaka frá Ásbrú / Jón William Bjarkason 0,00



A úrslit A flokkur gæðingaflokkur 2

- 1 Kraftur frá Breiðholti í Flóa / Hafdís Arna Sigurðardóttir 8,39
- 2 Hruni frá Friðheimum / Þórey Helgadóttir 8,27
- 3 Glymur frá Hofsstöðum, Garðabæ / Jón Ó Guðmundsson 8,24
- 4 Hamingja frá Vesturkoti / Eyrún Jónasdóttir 8,01
- 5 Matthildur frá Stormi / Einar Ben Þorsteinsson 7,76

Niðurstöður úr A flokki ungmennaflokk

- 1 Hulda María Sveinbjörnsdóttir / Björk frá Barkarstöðum 8,38
- 2 Kristján Árni Birgisson / Rut frá Vöðlum 8,37
- 3-4 Sigurður Steingrímsson / Ýmir frá Skíðbakka I 8,26
- 3-4 Hekla Rán Hannesdóttir / Halla frá Kverná 8,26
- 5 Jón Ársæll Bergmann / Vonar frá Eystra-Fróðholti 8,24
- 6 Matthías Sigurðsson / Kötlukráka frá Dallandi 8,17
- 7 Kári Kristinsson / Bruni frá Hraunholti 8,05
- 8 Arndís Ólafsdóttir / Dáð frá Jörvík 1 7,98

Niðurstöður úr A úrslitum í B flokki gæðingaflokki 1

Gaukur frá Steinsholti var efsti gæðingurinn frá hestamannafélaginu Smára í B flokki gæðingaflokki 1.

- 1 Frár frá Sandhól / Þór Jónsteinsson 8,76
- 2 Njörður frá Flugumýri II / Eyrún Ýr Pálsdóttir 8,71
- 3 Flugar frá Morastöðum / Anna Björk Ólafsdóttir 8,71
- 4 Rökkvi frá Hólaborg / Þorgeir Ólafsson 8,70
- 5 Nótt frá Miklaholti / Þórarinn Ragnarsson 8,61
- 6 Fjalar frá Efri-Brú / Sólon Morthens 8,50
- 7 Draumhyggja frá Eystra-Fróðholti / Klara Sveinbjörnsdóttir 8,46
- 8 Snæþór frá Enni / Þórdís Inga Pálsdóttir 8,44

Niðurstöður úr A úrslitum í barnaflokki

Eyþór Ingi Ingvarsson og Bliki frá Dverghamri voru efstu Smárafélagar í barnaflokki.

- 1 Þórhildur Lotta Kjartansdóttir / Göldrun frá Há koti 8,71
- 2 Elva Rún Jónsdóttir / Roði frá Margrétarhofi 8,68
- 3 Elísabet Vaka Guðmundsdóttir / Heiðrún frá Bakkakoti 8,67
- 4 Sigurbjörg Helgadóttir / Elva frá Auðsholtshjáleigu 8,66
- 5 Sölvi Þór Oddrúnarson / Leikur frá Mosfellsbæ 8,54
- 6 Ásta Hólmfríður Rikharðsdóttir / Komma frá Traðarlandi 8,53
- 7 Eik Elvarsdóttir / Tíbrá frá Strandarhjáleigu 8,47
- 8 Ágúst Einar Ragnarsson / Herdís frá Hafnarfirði 8,35

Niðurstöður úr A úrslitum unglingsflokki Sigrún Högn Tómasdóttir og Dáti frá Húsavík voru efstu Smárafélagar.

- 1 Sigurður Baldur Ríkhartsson / Auðdís frá Traðarlandi 8,64
- 2-3 Hulda María Sveinbjörnsdóttir / Garpur frá Skúfslæk 8,57
- 2-3 Kristján Árni Birgisson / Viðar frá Eikarbrekku 8,57
- 4 Guðný Dís Jónsdóttir / Straumur frá Hofsstöðum, Garðabæ 8,52
- 5-6 Jón Ársæll Bergmann / Hrafnís frá Ey I 8,46
- 5-6 Sara Dís Snorradóttir / Þorsti frá Ytri-Bægisá I 8,46
- 7 Herdís Björg Jóhannsdóttir / Snillingur frá Sólheimum 8,35
- 8 Sigrún Högn Tómasdóttir / Dáti frá Húsavík 8,08

A úrslit í B flokki ungmenna Thelma Dögg Tómasdóttir og Póstur frá Litla-Dal voru efstu Smárafélagarnir.

- 1 Katla Sif Snorradóttir / Stofn frá Akranesi 8,69
- 2 Kristófer Darri Sigurðsson / Vörður frá Vestra-Fíflholti 8,61
- 3-4 Thelma Dögg Tómasdóttir / Póstur frá Litla-Dal 8,57
- 3-4 Ívar Örn Guðjónsson / Óskahringur frá Miðási 8,57
- 5 Kristín Hrönn Pálsdóttir / Gaumur frá Skarði 8,37
- 6 Kári Kristinsson / Hrólfur frá Hraunholti 8,33
- 7 Bríet Bragadóttir / Grímar frá Eyrarbakka 8,20
- 8 Teresa Evertsdóttir / Léttir frá Sælukoti 8,17

A úrslit í T3 18 ára og eldri

Sætaröðun dómara þurfti til að skera úr um sigurvegara í úrslitunum en það kom í hlut Ragnhildar að hljóta 1. verðlaun. Hún hlaut 100.000 krónu peningaverðlaun. Sólun hreppi annað sæti og fékk að gjöf spónabretti.

- 1-2 Ragnhildur Haraldsdóttir / Úlfur frá Mosfellsbæ 7,78
- 1-2 Sólun Morthens / Katalína frá Hafnarfirði 7,78
- 3-4 Elvar Þormarsson / Katla frá Fornusöndum 7,67
- 3-4 Sigurður Sigurðarson / Rauða-List frá Þjóðólfsþaga 1 7,67
- 5 Hekla Katharína Kristinsdóttir / Lilja frá Kvistum 7,33
- 6 Viðar Ingólfsson / Rauðka frá Ketilsstöðum 7

A úrslit í T3 17 ára og yngri

- 1 Hulda María Sveinbjörnsdóttir / Garpur frá Skúfslæk 7,06
- 2 Elva Rún Jónsdóttir / Roði frá Margrétarhofi 6,78
- 3 Sigurbjörg Helgadóttir / Elva frá Auðsholtshjáleigu 6,72
- 4 Guðný Dís Jónsdóttir / Straumur frá Hofsstöðum, Garðabæ 6,67
- 5 Þorbjörg H. Sveinbjörnsdóttir / Ísó frá Grafarkoti 6,44
- 6 Védís Huld Sigurðardóttir / Megas frá Seylu 6,33

A úrslit í T7 barnaflokk

- 1 Sölvi Þór Oddrúnarson / Leikur frá Mosfellsbæ 6,42
- 2 Þórhildur Helgadóttir / Kornelíus frá Kirkjubæ 6,33
- 3 Eik Elvarsdóttir / Eik frá Hólateigi 6,25
- 4 Þórhildur Lotta Kjartansdóttir / Nói frá Kópavogi 5,83
- 5 Eyþór Ingi Ingvarsson / Bliki frá Dverghamri 5,58

100 metra skeið

- 1 Sæmundur Þorbjörn Sæmundsson Seyður frá Gýgjarhóli 7,51
- 2 Daníel Gunnarsson Eining frá Einhamri 2 7,64
- 3 Hans Þór Hilmarsson Vorsól frá Stóra Vatnsskarði 7,71
- 4 Viðar Ingólfsson Ópall frá Miðási 7,72
- 5 Finnur Jóhannesson Tinna Svört frá Glæsibæ 7,76
- 6 Þorgeir Ólafsson Ögrunn frá Leirulæk 7,83
- 7 Erlendur Ari Óskarsson Dama frá Hekluflötum 7,86
- 8 Kristján Árni Birgisson Skæruliði frá Djúpadal 7,98
- 9 Þorgils Kári Sigurðsson Gjóska frá Kolsholti 3 8,04
- 10 Jóhann Kristinn Ragnarsson Þórvör frá Lækjarbotnum 8,08
- 11 Þorgils Kári Sigurðsson Snædis frá Kolsholti 3 8,14
- 12 Þórarinn Ragnarsson Funi frá Hofi 8,35
- 13 Matthías Leó Matthíasson Heiðdis frá Reykjum 8,35
- 14 Þórey Helgadóttir Hruni frá Friðheimum 8,49
- 15 Hans Þór Hilmarsson Tign frá Hrafnagili 8,53
- 16 Þórey Þula Helgadóttir Þótti frá Hvammi I 8,67
- 17 Guðjón Sigurðsson Stoð frá Hrafnagili 8,72
- 18 Rakel Sigurhansdóttir Dögun frá Mosfellsbæ 8,74
- 19 Adolf Snæbjörnsson Árvakur frá Dallandi 8,83
- 20 Ísak Andri Armannsson Eldur frá Hvítanesi 9,16
- 21 Guðjón Hrafn Sigurðsson Hrafnhetta frá Minni-Borg 9,24
- 22 Kári Kristinsson Bruni frá Hraunholti 11,10
- 23-32 Anna María Bjarnadóttir Skíma frá Syðra Langholti 4 0,00
- 23-32 Aron Ernir Ragnarsson Bið frá Nýjabæ 0,00
- 23-32 Guðmundur Baldvinsson Höfði frá Bakkakoti 0,00
- 23-32 Klara Sveinbjörnsdóttir Glettir frá Þorkelshóli 2 0,00
- 23-32 Magnús Ingi Mátsson Húmfaxi frá Flekkudal 0,00
- 23-32 Ragnar Snær Viðarsson Ísak frá Búðardal 0,00
- 23-32 Rósa Kristín Jóhannesdóttir Geisli frá Brekku 0,00
- 23-32 Sara Sigurbjörnsdóttir Hnota frá Oddhóli 0,00
- 23-32 Sigurður Baldur Rikharðsson Sölvi frá Tjarnarlandi 0,00
- 23-32 Þorvaldur Logi Einarsson Gloría frá Grænumýri 0,00



80
STAÐIR
UM LAND ALLT

E **EIMSKIP**
Flytjandi



ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.
Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.
Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning
eða reglubundna flutningsþjónustu.

E **EIMSKIP**
Flytjandi

Háhelvíð 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is